

218. fundur Umferðarráðs

218. fundur Umferðarráðs var haldinn í Grundaskóla á Akranesi, föstudaginn 2. nóvember 2007 og hófst klukkan 14:05, en Grundaskóli er móðurskóli umferðarfræðslu í landi.

Mætt voru: Kjartan Magnússon, Birna Hreiðarsdóttir, Guðmundur Bogason, Valdís Steinarsdóttir, Einar Guðmundsson, María Kristín Gylfadóttir, Runólfur Ólafsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Morten Lange, Kristján Ólafur Guðnason, Sigurður Arnars Sigurðsson, Guðmundur Haraldsson, Guðrún Elsa Gunnarsdóttir, Hildur T. Flóvenz, Birgir Hákonarson og Sigurður Helgason sem skrifaði fundargerð. Auk þeirra sat fjöldi annarra sem tengjast málaflokknum fundinn og hópur nemenda, sem meðal annars skemmti fundarmönnum með söng sem tengdist umfjöllunarefni fundarins.

Eftirfarandi mál voru til umræðu á fundinum:

1. Umferðarfræðsla í skólum.

Á fundinum var fjallað um ýmsar hliðar umferðarfræðslu. Nemendur Grundaskóla tóku virkan þátt í fundinum og upplýstu hvernig fræðslu hefur verið háttáð undir leiðsögn kennara sinna á undanförunum misserum. Einnig upplýstu fulltrúar Umferðarstofu, samgönguráðuneytis og menntamálaráðuneytis um sín viðhorf í málaflokknum.

Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri bauð fulltrúa í Umferðarráði og aðra viðstadda velkomna í Grundaskóla og sagði að ánægjulegt væri að Umferðarráð kæmi saman þar til að fjalla um umferðarfræðslu í skólum.

Birna Hreiðarsdóttir setti fundinn kl. 14:10 í fjarveru Kjartans Magnússonar formanns. Hún sagði að þetta væri fyrsti formlegi fundur sem haldinn hefði verið utan Reykjavíkur og sagði að það væri vel við hæfi að hann færi fram hér í Grundaskóla, þar sem unnið hefur verið merkilegt starf varðandi umferðarfræðslu í skólum á undanförunum árum. Á dagskrá fundarins var einn liður, umferðarfræðsla í skólum.

Sigurður Arnar Sigurðsson fór yfir aðdraganda þess að Grundaskóli varð móðurskóli umferðarfræðslu á landinu, þar á meðal þeim athugunum og rannsóknum sem gerðar voru áður en að því kom bæði af hálfu kennara við skólann og einnig rannsókn Benedikts Sigurðarsonar á stöðu umferðarfræðslu í skólum á landsvísu. Sigurður Arnar sagði frá starfinu innan Grundaskóla og uppbyggingunni til þessa. Hann sagði að umferðarfræðsla yrði að vera stöðug, en mætti ekki fara fram í sérstökum átaksverkefnum.

Gunnhildur Björnsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir lýstu verkefnum sem unnin hafa verið í umferðarfræðslu á öllum aldurstigum skólans. Verkefnin ráðast mikið af aldri og þroska barnanna og einnig eru yngri og eldri börn leidd saman til að vinna ákveðin verkefni. Það tengist mörgum námsgreinum eins og til dæmis tónmennt, myndmennt, stærðfræði, eðlisfræði og einnig er myndbandagerð snar þáttur í kennslunni.

Árný Lára Sigurðardóttir einn fulltrúi 10. bekkjar í nemendaráði Grundaskóla ræddi um áherslu í umferðarfræðslu fyrir unglingastig í Grundaskóla. Hún lagði áherslu á að allt slíkt starf væri byggt upp með jákvæðni í fyrirrúmi. Hún sagði að nemendur í skólanum hafi viljað axla ábyrgð með forráðamönnum skólans á umferðarfræðsluverkefningu. Hún raksti það sem nemendur skólans hafa gert á þessu sviði í síðustu tíu árum og lýsti einnig umferðarvali í 10. bekk skólans. Hún sagði líka frá margvíslegri verkefnavinnu sem tengist umferðarfræðslu eins og málþingum, framsetning hugmynda nemenda til að bæta umferðarmenninguna og fleiru.

Kristín Björg Þorsteinsdóttir og Karin Erna Elmarsdóttir fjölluðu um verkefni Umferðarstofu á sviði umferðarfræðslu í skólum. Þær lýstu Umferðarskólanum Ungir vegfarendur og verkefnum sem send eru til allra barna frá þriggja ára aldri. Við upphaf grunnskóla byrjar síðan fræðsla og fóru þær yfir þátt Umferðarstofu í því starfi. Þær sögðu meðal annars frá jólagetraun sem dreift er ár hvert í yfir 20 þúsund eintökum til allra barna á aldrinum 6 til 10 ára.

Birna Hreiðarsdóttir lögfræðingur í samgönguráðuneyti og varaformaður Umferðarráðs sagði frá starfsemi nefndar sem ráðherra skipaði og fjallar um umferðarfræðslu í skólum. Hún sagði lauslega frá reglugerð um umferðarfræðslu í skólum frá árinu 1989 og sagði að hún væri ekki í takt við tímann og þarfnaðist endurskoðunar. Meðal annars væri þar fjallað um fræðslu um meðferð gúmmíbjörgunarbáta. Hún sagði að einn helsti styrkleiki varðandi umferðarfræðslu í skólum nú væri að hún væri hluti af umferðaröryggisáætlun, sem er hluti samgönguáætlunar, sem tryggir að fjármagn væri tiltækt.

Guðni Olgeirsson sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu fjallaði um umferðarfræðslu í nútíð og framtíð og gerði einnig grein fyrir stefnumótun ráðuneytisins í umferðarfræðslu. Hann greindi frá færslu grunnskólans til sveitarfélaga. Allar forsendur hefðu breyst en reglugerð ráðuneytisins um þetta efni er enn í gildi. Hann sagði að lífsleikni væri ætlað að annast þessa fræðslu ásamt mörgum öðrum ógreinabundnum þáttum í fræðslumálum. Hins vegar þyrfti að leggja ríka áherslu á umhverfi barna og öryggi þeirra.

Að fundinum loknum var boðið í skoðunarferð um Akranesbæ í því skyni að skoða umferðaraðstæður og að því loknu bauð bæjarstjórn Akraness til móttöku í Byggðasafni Akraness.